

Haugurinn

Gunnar Theodór Eggertsson

I. Falinn fjársjóður

„Passaðu þig!“ kallaði Stefán og greip í félagan sinn til að forða honum frá frekari meiðslum. Pétur var nú þegar búinn að reka höfuðið upp undir eina skurðgröfuna og festa fínu nýju úlpuna í gaddavír þegar þeir skriðu í gegnum gatið á girðingunni. Þarna var hann næstum dottinn um stóran málmbita sem lá hálfgrafinn í drullunni.

„Úff,“ andvarpaði Pétur og fótaði sig varlega áfram, „það er víst ekki að ástæðulausu að þetta er kallað bannsvæði.“

„Eins og þau geti eitthvað bannað okkur að koma hingað,“ svaraði Stefán fýldur og lagaði derhúfuna, „við sem höfum leikið okkur hérna síðan við vorum smástrákar á snjóbotum?“

Þögn lá yfir vinnusvæðinu því síðasti verkamaðurinn var farinn heim. Strákarnir höfðu slórað eftir skóla til að geta laumast inn á svæðið í ró og næði og skoðað sig um. Þeir virtu fyrir sér það sem eftir stóð af gamla hólnum.

„Það er eins og búið sé að snúa honum á rönguna,“ sagði Pétur og starði ofan í forarpyttinn. Hann klóraði sér í þykkum, ljósum krullunum og hugsaði um allar stundirnar sem þeir höfðu leikið sér á svæðinu síðan þeir vinirnir kynntust í fyrsta bekk. Nú voru þeir báðir orðnir tólf ára, næstum því unglingar, og þeim leið eins og vinnuvélarnar væru búnar að stela frá þeim hluta af æskunni. Vorgolan blés vært og loksins hafði stytt upp eftir margra daga rigningu. Á botni gryfjunnar glitti í eitthvað skært.

„Hvað er þetta?“ spurði Pétur og pírdi augun.

„Örugglega bara eitthvert drasl,“ svaraði Stefán og fetti upp á nefið.

„Þetta gæti verið verðmætt,“ bætti Pétur við.

„Farðu bara niður og gáðu!“ svaraði Stefán pirraður.

„Glætan,“ svaraði Pétur. Hann hafði rétt sloppið við slysfarir hingað til. Óþarfi að storka örlögunum enn meir.

„Ég mana þig,“ sagði Stefán og brosti stríðinn.

„Æ, láttu ekki svona,“ svaraði Pétur og harmaði nú að hafa látið plata sig inn á afgirt svæðið.

„Ég er eldri en þú,“ ítrekaði Stefán og hvessti augun á vin sinn, „og ég mana þig. Þú verður að hlýða, annars segi ég öllum skólanum að þú sért skræfa.“

Eldri, jú, hugsaði Pétur, en hann leit út fyrir að vera yngri, var bæði lágvaxnari og mjórri en Pétur og ekki hjálpaði að Stefán var klæddur í alltof víðan jakka og leit því út eins og hálfgerður smákrakki. En hann var kjaftfor engu að síður og Pétur trúði honum alveg til þess að kлага í hina krakkana.

Hann velti fyrir sér hversu erfitt prílið upp og niður yrði. Vandamálið var ekki að pytturinn væri of djúpur, heldur hvað hann var sleipur, brattur og blautur.

„Gott og vel,“ svaraði hann að lokum, „ég fer og kíkí. En þá mátt þú heldur ekki mana mig neitt meira það sem eftir er af skólaárinu, ókei?“

Stefán kinkaði kolli til samþykkis og Pétur fótaði sig varlega af stað.

„Þarna á víst að steypa grunn fyrir fyrsta háhýsið,“ útskýrði Stefán af brúninni, „kannski að þau geti bara sleppt því og leyft þér að búa þarna niðri, eins og moldugur lítill hobbiti!“

Þú getur sjálfur verið hobbiti, hugsaði Pétur og einbeitti sér að klifrinu. Hann reyndi að ganga með reisu niður brattann en var varla hálfnaður þegar jafnvægið brást. Hann féll aftur fyrir sig, rann á rassinum eftir slímugri brekkunni og lenti með hamagangi í miðju moldarfeni.

Að ofan bárust hlátrasköll.

Pétur lét þau ekkert á sig fá, heldur dembdí höndunum ofan í blauta drulluna til að finna glingrið sem glampað hafði svo fallega á. Hann var hvort eð er orðinn gegnvotur þannig að litlu máli skipti þótt hann færi hálfur á bólakaf í fjársjóðsleitinni. Eftir þó nokkurt fálmi náði hann taki á fíngerðri málmkeðju sem sat föst í leðjunni.

„Það er eitthvað hérna!“ kallaði hann upp til Stefáns sem svaraði bara með skríkjum.

Pétur togaði af öllum kröftum og fannst hann losa um eitthvað djúpt ofan í jörðinni. Skyndilega slitnaði keðjan og strákurinn féll enn og aftur ofan í svaðið en að þessu sinni með eitthvað ískalt og kúpt í lúkunum. Hann virti fyrir sér gullfallett silfurmen sem hann hafði fiskað upp úr skítunum og var snöggur að stinga því ofan í úlpuvasann.

„Gætirðu hætt að hlæja í smá-stund og hjálpað mér upp?“ kallaði hann til vinar síns og staulaðist með útrétta hönd upp hallann.

„Þetta var ógeðslega fyndið,“ flissaði Stefán og rétti fram hjálparhönd, „eins gott að ég fór ekki með þér!“

„Já, eins gott,“ svaraði Pétur og dró menið upp úr vasanum, „þá hefðirðu líka misst af þessu.“ Stefán renndi gleraugunum niður eftir nefinu til að virða dýrgripinn betur fyrir sér.

„Fannstu ... hálsfesti?“

Menið var kringlótt með blómamynstri fyrir miðju.

„Láttu mig fá það,“ heimtaði Stefán og reyndi að grípa menið úr lófa Péturs.

„Hvað er að þér?“ svaraði hann og kom gripnum aftur í öruggt skjól innanklæða.

„Það var mín hugmynd að senda þig þarna niður, ég vil fá hálsmenið!“

„Þegiðu! Þú sem hefðir aldrei þorað, renndu þér bara sjálfur þarna niður og finndu þitt eigið hálsmen!“

Vinirnir rifust. Stefán hótaði að segja öllum skólanum frá því að hann hefði flogið á rassinum ofan í fúlan pytt og Pétur hótaði að segja öllum skólanum frá því að hann hafi verið of mikill heigull að þora sjálfur. Stefán fór í fússi og Pétur stóð einn eftir á mannlausu vinnusvæðinu.

Hann stakk hendinni í blautan úlpuvasann til að fullvissa sig um að gripurinn væri örugglega á sínum stað. Það fór um hann hrollur þegar fingurnir snertu kaldan málminn. Hann renndi upp vasanum og flýtti sér heim.

II. Eltihrellir

Pétur kom seint heim úr skólanum og óð beint inn í herbergi til að skipta um föt, af ótta við mögulega yfirheyrslu frá móður sinni. En Karólína var ekki komin heim og þegar Pétur kíkti á símann sá hann skilaboð frá henni: *Sorri, elskan, tvöföld vakt, spagettileifar í ísskápnum!*

Hjarta og knúskall.

Hann setti skítug fötin í þvott, borðaði kvöldmat einn í eldhúsinu og reyndi að hlusta á hljóðbók á meðan en hélt ekki athygli. Hugurinn leitaði sífellt til hálsmensins í úlpuvasanum. Hann slökkti á hljóðbókinni og skildi háflkláraðan matardiskinn eftir á eldhúsborðinu. Svo sótti hann menið og fór með það inn á baðherbergi til að þrifa almennilega af því skítinn. Silfurblómið var enn glæsilegra en það hafði virst við fyrstu sýn og Pétur tók eftir skrautlegu munstri sem hringaðist eins og ormur á milli blaðanna. En hann tók líka eftir ókennilegum blettum í miðju blóminu sem minntu á opin augu og öskrandi munn.

Hann starði á hálsmenið og furðaði sig á að það væri enn ískalt viðkomu. Án þess að hugsa lyfti hann því upp fyrir haus og byrjaði að smeygja keðjunni yfir krullurnar. Hann horfði á sjálfan sig í speglinum og sá ekki betur en að skugginn hans væri búinn að stækka og umbreytast á baðherbergisveggnum. Hann var orðinn langur og mjór, með sítt og slegið hár ...

„Hæ, elskan mín!“ heyrðist kallað úr forstofunni. Karólína skellti hurðinni á eftir sér og Pétur var eldsnöggur að troða meninu ofan í buxnavasann. Við það gufaði skugginn á veggnum upp og Pétur flýtti sér fram að heilsa mömmu sinni.

Hann sagði henni ekkert um atburði dagsins og faldi djásnið á öruggasta staðnum sem honum datt í hug: í leynivasanum innan í skólatöskunni.

Næsta morgun brá Pétri í brún að sjá lögreglubíl lagt beint fyrir framan skólann. Nemendur pískruðu sín á milli og Pétur heyrði eitthvað minnst á innbrot á vinnusvæðið. Hann fékk strax sting í

magann og óttaðist að verða gripinn fyrir þjófnað. Ætli einhver hafi átt festina? Hann hafði ekki einu sinni hugsað út í það, gripurinn virkaði svo gamall og gleymdur.

Hann ætlaði ekki að segja neinum frá fjársjóðnum. Mamma hans átti afmæli eftir nokkra daga og Pétur hafði ákveðið um leið og hann sá hálsmenið að það yrði afmælisgjöfin. Sá á fund sem finnur, hugsaði hann með sér, var það ekki ævafor, heilög og óbrjótanleg regla?

Pétur vissi auk þess að sjálfur gæti hann aldrei átt efni á svona finni gjöf. Hann vildi ólmur gleðja mömmu sína og koma henni á óvart. Hún sem hafði alltaf gefið honum allt sem hann vildi og vann svo mikið til að þau tvö gætu haft það gott saman.

Stefán kom seint inn í skólastofu og fékk sér sæti án þess að heilsa. Kennarinn var enn seinni að mæta og stillti sér upp við töfluna, þungur á brún. Hann bauð góðan daginn og vatt sér síðan beint að máli málanna.

„Eins og þið hafið kannski þegar frétt, þá voru framin alvarleg skemmdarverk á byggingarsvæðinu í gærkvöldi og lögreglan er komin til að athuga hvort einhverjir hér í skólanum hafi séð eitthvað.“

Allir í bekknum voru að springa úr forvitni og spurningunum rigndi yfir kennarann.

„Hvað gerðist eiginlega?“

„Var einhverju rænt?“

„Af hverju er löggan komin til okkar?“

„Halda þau að einhver í þessum bekk sé skemmdarvargur?“

„Róleg, róleg,“ svaraði kennarinn, „öryggismyndavélarnar náðu víst upptökum af tveimur drengjum með skólatöskur laumast inn á svæðið og lögreglan óskar eftir vísbendingum um þá.“

Pétur gjóaði skelfdum augum yfir til Stefáns en hann glotti bara og blikkaði á móti. Svo byrjaði stærðfræðitíminn. Pétur dauðkveið frímínútunum því Stefán hafði greinilega eitthvað vafasamt í hyggju. Um leið og bjallan hringdi var hann líka eldsnökkur að koma sér út úr stofunni.

„Bíddu, Stefán,“ kallaði Pétur, „stoppaðu!“ En Stefán hlustaði ekkert á hann, heldur þaut fram á gang með stefnuna á lögreglumennina fyrir framan salinn. Ætlaði hann virkilega að kjafta frá því sem þeir gerðu? Pétur fann stresshnútin magnast upp innra með sér.

Stefán vatt sér beint að vinalegri lögreglukonu og var snöggur að benda á Pétur sem stóð lúpulegur fyrir framan skóhillurnar. Lögreglukonan benti honum að koma til sín og Pétur vissi að það væri tilgangslaust að ætla að flýja. Hann beit á jaxlinn og hlýddi kallinu.

„Sæll, Pétur,“ sagði konan og kynnti sig sem Sigrúnu, „vinur þinn segir að þið hafið farið inn á vinnusvæðið í gær?“

„Vinur minn?“ endurtók Pétur og gaf Stefáni olnbogaskot í síðuna.

„Þetta var allt hans hugmynd,“ sagði Stefán og kveinkaði sér, „segðu bara satt, þú vildir fara þangað inn! Þú neyddir mig til þess!“ Hann sneri sér alvarlegur að Sigrúnu lögreglukonu og hélt áfram: „Leitaðu bara á honum, hann er með hálsmenið, hann stal því og fór með það heim til sín!“

Pétur trúði ekki eigin eyrum og sendi vini sínum illt auga.

„Hálsmenið?“ spurði Sigrún og virtist koma af fjöllum. „Við erum ekki að leita að neinu hálsmeni og við erum ekki að ásaka ykkur um eitt eða neitt.“

Hún dró fram ljósmyndir úr öryggismyndavélinni þar sem líta mátti þá félagi í miðju rifrildi.

„Þetta eruð þið, ekki satt? Rauð derhúfa, sítt dökkt hár og gleraugu?“

Stefán kinkaði kolli.

„Hávaxinn krullukollur í – er þetta ekki græn úlpa? Erfitt að sjá, hún er svo skítug.“

Pétur yppti öxlum, skömmustulegur.

„Engar áhyggjur, öryggismyndavélarnar sýndu að þið yfiráfúð svæðið áður en skemmdarverkin voru unnin og því eruð þið ekki grunaðir um neitt. Aftur á móti vorum við að vonast til að þið gætuð varpað einhverju ljósi á þann sem fylgdi á eftir ykkur?“

Nú voru það strákarnir sem komu af fjöllum. Þeir höfðu engan séð á svæðinu.

„Eftir að þið fóruð komst einhver annar inn fyrir girðinguna sem braut allt og bramlaði og setti vinnuskúrana alveg á annan endann. Eins og hann hafi verið að leita að einhverju til að stela, en verkstjórinn segir samt að ekkert hafi verið tekið.“

Hún lagði aðra ljósmynd á borðið af sama svæði og áður, nema strákarnir voru á bak og burt og í þeirra stað stóð þar hávaxinn og þvengmjór maður með sítt hár í kleprum.

„Þetta er skásta myndin af honum, þótt það sjáist því miður ekki framan í hann. Kannist þið eitthvað við kauða?“

Þeir hristu báðir höfuðið en Pétri leið eins og hann hefði séð manninn áður, án þess að muna nákvæmlega hvar eða hvenær. Kannski í draumi, hugsaði hann og fann annan kuldahroll hríslast um sig.

III. Afmælisgjöf

Vikan leið og vinnan á byggingarsvæðinu hélt áfram þrátt fyrir truflunina. Skemmdarvargurinn fannst ekki en sumir sögðust hafa séð skuggalegan slána á vappi um göturnar í hverfinu þeirra. Ekkert var þó sannað í þeim málum og fyrr en varði var innbrotið að mestu leyti gleymt.

Meira að segja Pétur hætti að hugsa um ævintýrið á vinnusvæðinu og hálsmenið sem lá enn á sínum stað, ósnert ofan í leynivasanum í skólatöskunni. Eftir tveggja daga fýlu sættust þeir Stefán

og urðu aftur mestu mátar. Stefán játaði að hafa kjaftað í lögguna vegna þess að hann var öfundsjúkur og vonaðist til að þá þyrfti Pétur að skila hálsmeninu.

„Ég vildi frekar að hvorugur okkar fengi að eiga það heldur en að þú fengir að eiga það einn,“ útskýrði hann.

„En ég ætla ekkert að eiga það sjálfur,“ svaraði Pétur, „heldur gefa mömmu það. Þannig að hvorugur okkar mun fá hálsmenið þegar upp er staðið.“

Stefán hugsaði sig um stundarkorn, brosti síðan og samþykkti þetta sem góða lausn.

„Mamma þín verður örugglega glöð að fá svona fína gjöf.“

Pétur kinkaði kolli. Það var hann viss um líka. Hún var hrifin af öllu fágætu og undarlegu og Pétur var viss um að svona sérstakt hálsmen væri ekki hægt að finna í neinni venjulegri búð.

Loksins var vikan á enda og föstudagur runninn upp.

Afmælisdagurinn.

Pétur dundaði sér á milli kennslustunda við að skrifa fallett afmæliskort til mömmu sinnar. Hann ætlaði að teikna mynstrið af hálsmeninu framan á kortið en gat ómögulega gert því skil með blaði og penna, þótt hann hafi stillt meninu upp á borðinu fyrir framan sig til að herma eftir því. Sama hvað hann reyndi þá leit blómið alltaf út eins og það væri að öskra á hann upp úr teikningunni og á endanum minnti kortið meira á auglýsingu fyrir hryllingsmynd heldur en hugljúfa tækifæriskveðju.

Stefán vildi slóra eftir skóla en Pétur langaði að fara beint heim og gera allt fínt fyrir kvöldið. Þegar Karólína var búin í vinnunni beið hennar hrein íbúð, pastasúpa mallandi í potti og litríkur pakki á stofuborðinu. Hún trúði varla eigin augum og lýsti því stolt yfir að hún ætti besta son í öllum heiminum. Eftir matinn var kominn tími fyrir gjöfina.

Karólína tók andköf þegar hún sá hálsmenið.

„Pétur minn, mikið er þetta fallett!“ Hún lagði menið í lófann og strauk varlega yfir það með fingrunum. „Svona skart hlýtur að hafa kostað sitt, ég sagði þér að vera ekki að kaupa neitt!“

„Nei, alls ekki,“ svaraði hann og sagðist hafa fengið gripinn í Kolaportinu, „mjög ódýrt, ég þurfti bara aðeins að laga keðjuna, því hún var slitin. Ertu ánægð með það?“

„Er ég ánægð?“ spurði hún á móti og hló. „Þetta er alveg dásamlegt!“

Hún faðmaði strákinn sinn og sagðist ætla að máta það undireins.

Pétur sá að líkami hennar tók kipp þegar keðjan fór yfir höfuðið en Karólína reyndi að fela það og lét eins og ekkert væri.

„Það fer þér mjög vel,“ sagði hann og spurði svo hvort það væri ekki allt í lagi.

„Jú, auðvitað, það er bara dálítið kalt hérna inni, finnst þér ekki?“

Pétur yppti öxlum. Honum var frekar hlýtt en lét vera að segja það. Þau eyddu kvöldinu saman fyrir framan sjónvarpið og mömmu hans var svo kalt að hún endaði á að sækja sængina sína innan úr svefnherbergi.

„Vonandi er ég ekki að verða veik,“ sagði hún hálfvitrandi, „ég næ bara ekki úr mér hrollinum.“

Eftir að hafa horft á heila bíómynd bauð Pétur góða nótt og hélt inn í herbergi. Mamma hans þakkaði honum fyrir yndislega kvöldstund og hélt áfram að glápa á sjónvarpið, vandlega dúðuð undir bæði sæng og ullarteppi.

Pétur skreið upp í og las um stund. Jú, nú tók hann sjálfur eftir hitabreytingunni í íbúðinni, eins og kuldinn hefði dreift úr sér og læst klónum í rúmið hans líka. Hann vafði sænginni þétt að sér, gekk frá bókinni og slökkti ljósið, en gat ómögulega sofnað. Var glugginn opinn? Var aftur komið frost úti? Hann kíkti út um lokaðan gluggann og á garðinn fyrir utan en þar stóð allt í vorblóma. Hann hækkaði hitann á ofninum og klæddi sig í síðerma bol en hrollurinn neitaði að hverfa.

Pétur lá andvaka uppi í rúmi þegar hræðileg óhljóð ómuðu innan úr stofu. Fyrst heyrðust brothljóð eins og einhver hefði mөлvað gluggann og svo tóku öskrin í mömmu hans við.

Hann stökk á fætur, hljóp fram og fraus í dyragættinni.

Stóri glugginn var í rúst og gleri hafði rignt yfir sófann. Sjónvarpið hafði oltið um koll og pottaplantan úr gluggakistunni lá í moldarbing á gólfinu.

Það versta var samt að mamma Péturs var í hörðum slagsmálum við einhvern sem hafði ráðist inn til þeirra. Þau stóðu bæði uppi í sófanum og Karólína var með báðar hendur á lofti til að halda árásarmanninum frá sér. Hann var hávaxinn og þvengmjór og svo skítugur frá toppi til táar að varla sást framan í hann. Pétri dauðbrá að sjá manninn teygja fram forugar lúkurnar og grípa um hálsinn á mömmu hans en Karólína var fljót að bregðast við. Sítt og kleprað hárið á gestinum sveiflaðist til og frá, og um leið og Karólína náði taki á því togaði hún eins fast og hún gat og reif sig lausa. Óboðni gesturinn missti jafnvægið og hrundi niður af sófanum með látum.

„Pétur!“ öskraði mamma hans og stökk yfir til sonar síns, dró hann með sér út úr stofunni og skellti hurðinni á eftir þeim.

„Það er ekki hægt að læsa,“ sagði hún alvarleg, „ég held hurðinni lokaðri á meðan þú sækir hjálp.“

Pétur virti mömmu sína fyrir sér. Hún var grútskítug í framan og á hálsinum, eins og hún hefði velt sér upp úr drullupolli.

Þau tóku kipp þegar lamið var á hurðina hinum megin frá.

„Flýttu þér!“

Pétur horfði á skartið sem hékk utan um moldugan hálsinn. Nú fór ekki á milli mála að innan í blóminu leyndist mannsandlit. Þarna sáust opin augu og æpandi munnur sem kallaði á hvern þann sem stóð handan hurðarinnar.

„Hálsmenið,“ hvíslaði Pétur rétt í þann mund sem annað högg hristi þau bæði.

„Um hvað ertu að tala?“ spurði Karólína æst.

„Hann er ekki að ráðast á þig,“ útskýrði Pétur og byrjaði að losa um keðjuna aftan á hálsinum á mömmu sinni.

„Ekki það, nei?“ svaraði hún hæðnislega. „Er hann kannski að reyna að faðma mig? Drífðu þig bara af stað og finndu símann.“

„Nei, ég meina að hann vill fá hálsmenið!“ svaraði Pétur og dró djásnið af bringu móður sinnar. Svo stóð hann á fætur, togaði Karólínu á eftir sér og skildi menið eftir á gólfinu.

„Ertu alveg snar?!“ Hún togaði í hann á móti og hélt af stað út úr íbúðinni, áður en fúlmennið myndi opna dyrnar og halda eltingarleiknum áfram.

„Bíddu,“ hvíslaði Pétur þegar stofudyrnar opnuðust hægt og rólega. Karólína nam staðar í hæfilegri fjarlægð og fylgdist grafkyrr með verunni birtast í dyragættinni. Nú sá Pétur gestinn skýrar. Molduga larfana, kræklótta fingurna og grindhórað andlit sem minnti á lifandi hauskúpu. Hann skildi hvers lags skrímsli hafði ratað inn til þeirra.

Lifandi dauður uppvakningur.

Tómar augntóftirnar mændu niður á gólfið og það brakaði í líkamanum þegar uppvakningurinn beygði sig niður og veiddi upp hálsmenið með beinaberum fingrunum. Hann teygði mjóa handleggina upp yfir haus og krækti festinni utan um hálsinn. Andlitið gufaði upp úr blóminu og hálsmenið sjálft virtist hverfa inn í myrkan líkaman. En uppvakningurinn sýndi mæðginunum engan áhuga. Hann sneri sér rólega við og yfirgaf íbúðina sömu leið og hann hafði komið. Í gegnum gluggann og út í garð.

„Viltu gjöra svo vel að koma aftur hingað!“ hvæsti Karólína þegar hún sá son sinn príla yfir gluggakistuna og fylgja óvættinni út í nóttina.

„Mig langar að sjá hvert hann fer,“ svaraði Pétur og gekk skólaus út á mjúka grasflötina. Honum var ekkert kalt lengur.

Karólína sótti inniskóna sína og fylgdi á hæla sonar síns. Fremstur í flokki fór uppvakningurinn. Hægt og rólega þræddi hann þöglar göturnar með stefnuna inn á vinnusvæðið hjá gamla hólnum. Mæðginin gengu saman síðasta spölinn og stilltu sér upp við girðinguna með gott útsýni yfir stóru holuna. Þau héldu þétt utan um hvort annað og fylgdust með uppvakningnum hverfa aftur ofan í vota gröf.

IV Draugahaugur

Pétur stóð uppi á hólnum og dáðist að nýja upplýsingaskiltinu. Þar kom fram að gamli hóllinn hafi í raun og veru verið haugur – upphækkaður grafreitir – og sá stærsti sinnar tegundar hér á landi. Talið var að hér hefði stórhöfðingi verið jarðsettur og að haugurinn væri að minnsta kosti frá tímum víkinganna.

Auðvitað kom öllum á óvart þegar upp komst að höfðingleg gröf væri í hverfinu. Öllum nema mæðginunum. Karólína vissi vel að lítið þýddi að segja fólki að uppvakningur hefði ráðist inn í stofuna þeirra og síðan lagst til hvílu á miðju byggingarsvæði. En henni stóð stuggur af tilhugsuninni um að draugurinn lægi þarna áfram og gæti valdið usla á ný. Strax næsta dag hélt hún niður á skrifstofur Fornleifastofnunar og útskýrði að sonur hennar hefði fundið gamalt skart í gryfjunni og hún hefði grun um að þar leyndust líka mannabein.

Þau sögðu aldrei neinum sannleikann. Pétur sagði ekki einu sinni Stefáni frá því sem hafði gerst. Karólína vonaði að beinin yrðu fjarlægð með öllu og sett í geymslu á Þjóðminjasafninu, svo hún þyrfti ekki lengur að hafa áhyggjur af uppvakningum í nágrenninu. Gröfin var rannsökuð í þaula en beinin voru ekki fjarlægð – þvert á móti var ákveðið að láta grafreitinn standa sem þjóðminjar. Byggingarsvæðið var fært sunnar og haugurinn endurreistur í fyrri mynd. Þar með fékk höfðinginn að hvíla áfram í friði og uppvakningurinn lét ekki aftur á sér kræla.

„Ætlarðu ekkert að renna þér?“ spurði Stefán með gamla sleðann sinn í eftirdragi. Þeir voru byrjaðir í unglingadeildinni en ekki orðnir of gamlir til að bruna smá. Nú höfðu þeir fengið leiksvæðið sitt aftur, nema hvað nýi hóllinn var ennþá skemmtilegri en sá gamli, því að allir vissu að undir fótum þeirra og rössum hvíldi eldgamall víkingur. Krakkarnir kölluðu þetta draugahólinn, þótt ekkert þeirra hefði séð alvöru draug.

„Jú, ég kem eftir smá-stund,“ svaraði Pétur og fylgdist með fyrstubekkingunum leika sér í snjónum fyrir neðan. Hann langaði bara að sitja aðeins lengur þarna uppi. Vegna þess að Pétur lumaði á leyndarmáli sem enginn annar en mamma hans vissi. Leyndarmáli sem enginn myndi trúa.

Pétur hafði hitt sjálfan höfðingjann.

Hann klappaði vinalega á hólinn og brunaði brosandir af stað.